## FYLGISKJAL 5: TRYGGINGAR

Undanþágur í almennum skilmálum slysatrygginga launþega eiga ekki við þegar slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn eru að gegna störfum sínum. Um skilmála vegna slysa utan starfs gilda almennir skilmálar tryggingarfélaga fyrir atvinnuslysatryggingar launþega.

Þegar starfsmenn eru við störf eru þeir auk almennra skilmála tryggðir fyrir tjóni sem hlýst af, eða verður vegna eftirfarandi atburða enda eru þeir nauðsynlegir vegna starfa þeirra:

1. Slysa, sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneyti og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða.
2. Af völdum eitraðra lofttegunda.
3. Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
4. Handalögmálum, þegar váttryggður bregst við í starfi sínu í sjálfsvörn eða á vettvangi við að tryggja öryggi borgara eða einstaklinga eða koma þeim í öruggt skjól.
5. Ef jarðskjálfti, eldgos, flóð, skriðuföll eða aðrar náttúruhamfarir valda slysi í einum og sama atburði á mörgum einstaklingum, sem váttryggðir eru í atvinnuslysatryggingu launþega, gilda takmarkanir tryggingarfélaga um heildarbætur ekki vegna slysa sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn verða fyrir vegna starfa við framangreindar aðstæður.
6. Í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
7. Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er ef hæð fjalls er meiri en 4.000 metrar frá sjávarmáli.
8. Í köfun með súrefniskút á meira dýpi en 10 metrar.
9. Í fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
10. Í sjúkra- og björgunarflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
11. Við þátttöku í íþróttum, keppnum á vegum samtaka slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og vegna íþróttæfinga á vegnum slökkviliðsmanna og ætlast sé til þátttöku váttryggðs í slíkri iðkun sem hluti af starfi hans.
12. Í bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt er þátttaka er liður í reglubundinni þjálfun eða fellur undir lið 10.

## FYLGISKJAL 6: LEIÐBEINANDI HEILSUFARSSTEFNA

### INNGANGUR

Heilsufarsstefna þessi er gefin út af Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Samband íslenskra sveitarfélaga og er leiðbeinandi fyrir alla félagsmenn LSS sem taka laun samkvæmt kjarasamningi aðila. Mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um læknisskoðun og heilbrigðisvottorð fyrir starfandi reyk- og efnakafara og liggja þær leiðbeiningar til grundvallar heilsufarsstefnunni.

Sum störf félagsmanna LSS krefjast mikillar þjálfunar og líkamsburða en önnur minni. Það er hins vegar allra hágur að allir félagsmenn sinni líkamsrækt og fari reglulega í læknisskoðun, þrek- og styrktarpróf.

Allir félagsmenn LSS skulu einu sinni á 12 mánaða tímabili gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni.<sup>1</sup> Auk almennrar læknisskoðunar skulu menn fara reglulega í hjartarannsókn, áreynslupróf á þrekhlóli og hjartalínurit. Tíðni áreynsluprófs og hjartalínurits er miðað við aldur.

Við læknisskoðun skal m.a. meta ástand viðkomandi með tilliti til eftirfarandi:

- Hjarta- og æðakerfis
- Öndunarfæra, lungna, háls og nefs
- Taugakerfis
- Meltingar- og þvagfæra
- Sýkinga
- Heyrnar
- Sjónar
- Geðheilsu
- Úthalds við erfiðisvinnu

Þrekpróf skiptast í tvo þætti og er misjafnt hvaða þætti menn þurfa að taka m.t.t. starfa sinna hverju sinni.

1. Styrktarpróf
2. Göngupróf á bretti

---

<sup>1</sup> Í þessu skjali er alltaf talað um trúnaðarlækni slökkviliðs. Í þeim tilfellum þar sem trúnaðarlæknir er ekki starfandi hjá slökkviliði, er átt við annan viðurkenndan lækni.

# 1. LÆKNISSKOÐANIR

## 1.1 HELSTU HLUTVERK TRÚNAÐARLÆKNIS

Trúnaðarlæknir sér um reglulegar læknisskoðanir starfsmanna samkvæmt ákveðnum verklagsreglum. Hann er ráðgefandi varðandi vinnuslys, veikindi og endurhæfingu starfsmanna. Jafnframt er hann ráðgefandi um vafamál sem snerta heilsu starfsmanna. Trúnaðarlæknir á reglulega fundi með slökkviliðsstjóra og er ráðgefandi hvað varðar stefnu slökkviliðsins í heilsumálefnum.

Ef vinnuslys eða veikindi þarfnast frekari skoðunar eða meðhöndlunar er haft samband við trúnaðarlækni. Einnig er trúnaðarlækni tilkynnt um öll vinnuslys sem og önnur slys starfsmanna. Trúnaðarlæknir skal færa öll sjúkragögn og heilsufarssögu vegna starfsmanna þannig að auðvelt sé að afhenda þau öðrum ef þarf, skv. reglum um persónuleg gögn. Þá er átt við öll handrituð gögn, tölvugögn, bólusetningarskrirteini og skráningar ónæmisaðgerða. Þetta á einnig við um eldri gögn sem trúnaðarlækni hafa verið afhent og tengjast starfsmönnum.

Slökkvilið endurkrefja kostnað vegna vinnuslysa starfsmanna þeirra til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ). SÍ gerir kröfu um að áverkavottorð fylgi hverri umsókn um endurgreiðslu. Ef starfsmaður hefur ekki fengið áverkavottorð hjá viðkomandi heilbrigðisstofnun þarf trúnaðarlæknir að útbúa áverkavottorðið.

Öll samskipti trúnaðarlæknis við starfsmenn eru trúnaðarmál skv. þeim reglum sem um það gilda. Slökkviliðsstjóri fær þó upplýsingar um það hvort starfsmaður hafi staðist læknisskoðun eða ekki. Jafnframt upplýsir trúnaðarlæknir um ástæðu þess ef starfsmaður stenst ekki læknisskoðun og möguleika hans til að standast læknisskoðun og á hvaða tíma. Slíkt skal gert með vitund og í samráði við starfsmanninn og jafnvel að honum viðstöddum. Þá skal meta hvaða möguleika slökkviliðið hefur til að koma til móts við og aðstoða starfsmanninn.

Mikilvægt er að trúnaðarlæknir greini tengilið slökkviliðsins og/eða yfirmönnum þess strax frá því ef einhver starfsmaður stenst ekki læknisskoðun og getur ekki starfað sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður.

## 1.2 REGLULEG LÆKNISSKOÐUN

Þeir sem stunda reykjöfun skulu gangast undir læknisskoðun einu sinni á 12 mánaða tímabili hjá trúnaðarlækni. Aðrir starfsmenn skulu gangast undir læknisskoðun einu sinni á 12 mánaða tímabili, að hámarki 14 mánaða, hjá trúnaðarlækni. Nýliðar skulu gangast undir læknisskoðun trúnaðarlæknis áður en þeir hefja störf.

Auk almennrar læknisskoðunar fara þeir sem eru á vöktum og þeir sem sinna bakvöktum reglulega í hjartarannsókn, áreynslupróf á þrekhljóli og hjartalínurit. Þetta er valkvætt hjá öðrum félagsmönnum. Tíðni áreynsluprófs og hjartalínurits er miðað við aldur, sjá kafla 2.4 og færslu milli aldursflokka skal miða við fæðingardag. Ef veikindi eða aðrar læknisfræðilegar ástæður eru fyrir hendi er hægt að fara oftar.

### 1.3 LÆKNISSKOÐUN

Við læknisskoðun eru kröfur og meðferðarúrræði mismunandi og háð starfi viðkomandi. Til að gefa einhverja mynd af kröfum til starfsmanna er hér fyrir neðan tekið á nokkrum þáttum sem snerta heilsu og heilsugæslu. Kröfur eru almennt gerðar í samvinnu við trúnaðarlækni ef þær liggja ekki fyrir í lögum eða reglugerðum.

1. Hjartarannsókn, hjartalínurit og áreynslupróf. Taka skal hjartalínurit í hvíld, einkum m.t.t. hjartavöðvasjúkdóms, cardiomyopathia, og skal blóðþrýstingur vera undir 160/90 mmHg. Starfsmaður sem hefur fengið hjartadrep (kransæðastíflu), hjartakveisu, undirgengist útvíkkun á kransæðum eða kransæðaaðgerð, með hjartagangráð eða með hjartavöðvasjúkdóm (cardiomyopathia) má ekki stunda reykköfun. Reykkafari sem undirgengist hefur aðgerðir á hjartalokum eða minniháttar hjartagöllum, með vægar hjartsláttartruflanir sem ekki trufla meðvitund eða starfsgetu, t.d. aukaslög frá gáttum, eða sem hefur fengið hjartavöðvabólgu og með of háan blóðþrýsting, getur lagt stund á reykköfun séu vandamál hans undir góðri stjórn og þeim fylgi ekki einkenni að mati hjartalækni. Reykkafarar með háan blóðþrýsting skulu þó ekki meðhöndlaðir með betahemlum.
2. Blásturspróf. Gera þarf einfalt öndunarpróf (SpiroStar Dx (Spiro2000) frá Medikro eða Vitallograph) og skulu niðurstöður vera innan eðlilegra marka að teknu tilliti til aldurs og kyns.
3. Lungnarannsókn. Taka skal röntgenmyndir og myndgreina lungu stöku sinnum. Reykkafarar skulu ekki hafa astma eða lungnateppu.
4. Heyrnarmæling. Reykkafarar skulu hafa eðlilega heyrn á báðum eyrum, en undantekningar má gera vegna heyrnardeyfu á öðru eyra eftir mat háls-, nef- og eyrnalæknis.
5. Sjónpróf. a) Sjónskerpa: Reykkafari verður að hafa sjónskerpu, með sjónglerjum ef þörf krefur, sem nemur a.m.k. 0.8 á betra auga og a.m.k. 0.5 á verra auga. Ef sjóngler eru notuð til að ná gildunum 0.8 (6/7.5) og 0.5 (6/12) skal óleiðrétt sjónskerpa á hvoru auga vera a.m.k. 0.05 (6/125). Lágmarkssjónskerpa (0.8 og 0.5) skal nást með því að leiðrétta með sjónglerjum sem eru ekki sterkari en + eða – 4 ljósbrotseiningar. Sjóngler sem leiðrétta sjón mega ekki valda óþægindum. Reykkafarar ættu ekki að nota snertilinsur vegna hættu á að þær gætu losnað við störf. b) Reykkafari skal hafa eðlilegt sjónsvið á báðum augum. c) Blinda: Lágmarssjónskerpa á verra auga skal vera 0.5, sbr. að ofan. Reykkafari má því ekki þjást af blindu á öðru auga. d) Tvísýni: Reykkafarar skulu ekki þjást af tvísýni.
6. Blóðprufur/ -rannsókn.
7. Þvagprufur/ -rannsókn. Starfsmaður með alvarlega nýrnabilun skal ekki stunda reykköfun.
8. Sýklarannsókn.
9. Berklapróf.
10. Kólesterólmeðlingar.
11. Sjúkdómar í vöðvum, beinum og liðum. Reykkafarar skulu ekki hafa skilgreinda sjúkdóma í vöðvum, beinum og liðum sem trufla styrk þeirra og hreyfigetu þannig að áhrif hafi á starf þeirra.
12. Sjúkdómar í taugakerfi. Reykkafarar skulu ekki hafa flogaveiki. Ef saga er um flog skulu a.m.k. 10 ár hafa liðið án floga án meðferðar, áður en reykkafari telst hæfur til starfa. Reykkafarar skulu ekki heldur hafa skilgreinda taugakerfissjúkdóma nema vandamálin séu minniháttar að mati taugasjúkdómalækni.
13. Sykursýki. Sykursýki meðhöndluð með mataræði hefur ekki áhrif á getu til reykköfunar. Almennt skulu þó reykkafarar ekki vera með sykursýki sem þarfnast lyfjameðferðar. Að mati innkirtlalækni má þó gera undantekningu, sé meðhöndlunin



með lyfi, sem ekki veldur blóðþrýstingsfalli (metformin, glitazone). Insúlínmeðhöndlun samrýmist ekki störfum reykkafara.

14. Geðtruflanir. Reykkafarar skulu ekki hafa alvarlega geðsjúkdóma, geðhvörf eða geðklofa. Einstaklingar með vægt þunglyndi, kvíðapunglyndi, fælni og persónuleikatruflanir verður að meta sérstaklega, í sumum tilvikum af sérfræðingi í geðlækningum.
15. Lyf. Reykkafarar skulu ekki vera á blóðþynningarlyfjum eða ónæmisbælandi lyfjum.
16. Fíkn og lyfjamisnotkun. Starfsmaður sem misnotar áfengi, fíkniefni eða læknislyf skal ekki stunda reykköfun. Starfsmaður sem hefur fengið bót meina sinna að mati geðlæknis eða sérfræðings í fíknisjúkdómum skal metinn til starfa við reykköfun ef a.m.k. 2 ár eru liðin frá meðferð vandans og velgengni staðfest.
17. Þungun og brjóstagjöf. Efni í reyk og ýmis kemísk efni geta mögulega valdið skaða á fóstri. Þungaðar konur og þær sem hafa börn á brjósti ættu því ekki að stunda reykköfun, sbr. reglugerð 931/2000 um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.
18. Bólusetningar og mótefnamælingar af öllu tagi, s.s. við inflúensu, lungnabólgu, lifrabólgu A – B/D, mænusótt, mislingum, hettusótt, rauðum hundum, stífkrampa og barnaveiki svo eitthvað sé nefnt. Tíðni samkvæmt skilgreindu ferli í samvinnu við trúnaðarlækni.
19. Röntgenmynd af tönnum. Í upphafi áður en menn fara á kafaranámskeið skal taka röntgenmynd af tönnum þeirra.
20. Útgáfa ýmissa vottorða. T.d. vottorð fyrir kafara og starfshæfisvottorð eftir slys og veikindi. Mat á því hvort viðkomandi geti komið í léttari vinnu og svo framvegis. Eftirfylgni er nauðsynleg af hálfu trúnaðarlæknis.
21. Fara yfir og fylgjast með heilsufarssögu starfsmanna: Sjúkrasaga er skráð og er það einkum mikilvægt í upphafi. Þar er leitað eftir ákveðnum sjúkdómum sem sumir geta leitt til útilokunar frá starfi á borð við hjarta-, æða- og lungnasjúkdóma. Sérstaka áherslu þarf að leggja á starfsemi hjarta og lungna í heilbrigðisskoðun. Einnig er sálrænt ástand metið, svo sem innilokunarkennd, geðsjúkdómar eins og þunglyndi, efnaskiptasjúkdómar eins og sykursýki, flogaveiki, lyfjameðferð. Þá þarf að kanna lífsstíl viðkomandi m.t.t. reykinga, alkóhólneyslu, notkunar ávanabindandi efna og vaxtarörvandi efna og lyfja. Skrá þarf starfsferil, einkum m.t.t. skaðlegra áhrifa á lungu í fyrra starfi. Reynt er að meta óbeint viðhorf og þol gagnvart því að starfa í miklum hita og myrkri í lokuðu rými. Gerð er almenn og ítarleg líkamsskoðun.

#### 1.4TÍÐNI SKOÐANA

Tíðni skoðana fer eftir aldri, menntun, þjálfun og hlutverki starfsmanna. Við færslu milli aldursflokka skal miða við fæðingardag.

Aldurs- og starfsflokkun er með eftirfarandi hætti:

- 39 ára og yngri
- 40-49 ára
- 50 ára og eldri
- Vatnsköfun

Hér fyrir neðan er tekin saman tíðni skoðana. 1 merkir að skoðunin skuli framkvæmd á hverju ári. 5 merkir að skoðunin skuli framkvæmd á fimm ára fresti. EP merkir að tíðni sé eftir þörfum og \* merkir að skoðun verði að vera lokið innan þriggja mánaða.

Tegund skoðunar, sjá kafla 2.3	Nýliðar á reynslu-ráðningu	39 ára og yngri	40 t.o.m. 49 ára	50 ára og eldri	Starfar sem vatnskafari
1.	*	5	2	1	1
2.	*	2	2	1	1
3.	*	3	3	2	2
4.	*	5	5	3	3
5.	*	5	5	3	3
6.	*	5	5	3	2
7.	*	5	5	3	2
8.		EP	EP	EP	EP
9.		EP	EP	EP	EP
10.	*	5	5	3	3
11.	*	1	1	1	1
12.	*	1	1	1	1
13.	*	1	1	1	1
14.	*	1	1	1	1
15.	*	1	1	1	1
16.	*	1	1	1	1
17.		1	1	1	1
18.	*	EP	EP	EP	EP
19.		-	-	-	2
20.		EP	EP	EP	EP
21.	*	1	1	1	1

## 1.5 FRAMKVÆMD LÆKNISSKOÐUNAR

Trúnaðarlæknir sér um læknisskoðanir starfsmanna.

## 1.6 NIÐURSTAÐA LÆKNISSKOÐUNAR

Ef starfsmaður stenst ekki læknisskoðun og það er mat trúnaðarlæknis að starfsmaður geti ekki sinnt útkallsstörfum eða ákveðnum þáttum þeirra skal trúnaðarlæknir tilkynna tengilið slökkviliðsins það. Jafnframt skal þá skoða til hvaða ráðstafana skuli grípa og meta hvaða störfum viðkomandi starfsmaður geti sinnt. Starfsmaður sem ekki getur sinnt sínum daglegu störfum skal ávallt fara í léttari vinnu við fyrsta tækifæri, nema trúnaðarlæknir telji það hamlá bata.

Öll samskipti lækna við starfsmenn eru trúnaðarmál skv. þeim reglum sem um það gilda. Slökkviliðsstjóri fær þó upplýsingar um það hvort starfsmaður hans hafi staðist læknisskoðun eða ekki. Jafnframt upplýsir læknir um ástæðu þess að starfsmaður stenst ekki læknisskoðun og möguleika hans til að gera það og þá á hvaða tíma. Slíkt skal gert með vitund og í samráði við starfsmanninn og helst að honum viðstöddum. Jafnframt skal skoðað hvort og hvaða möguleika vinnuveitandinn hefur til að koma til móts við eða aðstoða starfsmanninn.

Ef starfsmaður stenst ekki læknisskoðun í þriðja skiptið skal viðkomandi fara í ferli í samráði við yfirmann, trúnaðarlækni og þjálfara, þar sem það á við. Hann skal jafnframt færast yfir í dagvinnu þar til hann stenst læknisskoðun.

Ef starfsmaður þarf á sjúkraþjálfun eða annarri meðferð að halda, skal hafa samráð við trúnaðarlækni og þjálfara, þar sem það á við, en ekki skal stofnað til kostnaðar nema með samþykki til þess bærar yfirmanns. Mikilvægt er að sem minnst töf eða röskun eigi sér stað á frekari meðhöndlun starfsmanna.

### **1.7 LENGRI VEIKINDI, STARFSHÆFNISVOTTORÐ**

Starfsmaður sem hefur verið óvinnufær vegna veikinda eða slysa í meira en einn mánuð, hefur verið lagður inn á sjúkrastofnun, eða hefur verið þungaður, má ekki hefja starf að nýju nema trúnaðarlæknir votti að heilsa hans leyfi það með svokölluðu starfshæfnisvottorði.

### **1.8 LÉTTARI VINNA Í VEIKINDUM**

Starfsmaður sem er í veikindaleyfi má ekki sinna vinnu annars staðar á meðan á veikindaleyfi stendur.

Starfsmaður skal ávallt fara í léttari störf við fyrsta tækifæri, nema trúnaðarlæknir telji það hamla bata. Ef trúnaðarlæknir telur að viðkomandi starfsmaður geti ekki sinnt léttari störfum í dagvinnu þarf hann að tilkynna það skriflega.

### **1.9 BOÐUN Í LÆKNISSKOÐUN**

Boðun starfsmanns í reglulega læknisskoðun er á ábyrgð viðkomandi yfirmanns í samvinnu við tengilið slökkviliðsins gagnvart trúnaðarlækni. Trúnaðarlæknir og tengiliður bera ábyrgð á eftirfylgni, ef einhver er, í framhaldi af reglulegri læknisskoðun, veikindum eða slysum. Einnig ber trúnaðarlæknir ábyrgð á því að allir starfsmenn fari í læknisskoðun innan þess tíma sem er skilgreindur.

### **1.10 VEIKINDI OG SLYS**

Trúnaðarlæknir er ráðgefandi vegna alls sem lýtur að veikindum, vinnuslysum og öðrum slysum starfsmanna. Ef vinnuslys og/eða veikindi þarfnast frekari skoðunar og/eða meðhöndlunar skal haft samráð við trúnaðarlækni, eftir því sem við á.

Slökkvilið endurkrefja kostnað vegna vinnuslysa starfsmanna þeirra til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ). SÍ gerir kröfu um að áverkavottorð fylgi hverri umsókn um endurgreiðslu. Ef starfsmaður hefur ekki fengið áverkavottorð hjá viðkomandi heilbrigðisstofnun þarf trúnaðarlæknir að útbúa áverkavottorðið.

Mikilvægt er að tryggja allt ferli í sambandi við veikindi eða vinnuslys sem hægt er að rekja til vinnu starfsmanns hjá slökkviliði. Það á jafnt við um ferlið gagnvart læknisþjónustu og tilkynningaskyldu til vinnueftirlits og annarra.

## 2 ÞREKPRÓF

Einungis íþróttafraeðingur, íþróttakennari eða aðili með sambærilega menntun hefur leyfi til þess að framkvæma þrekpróf, þ.e. styrktarpróf og þolpróf, sjá hér að neðan. Áður en starfsmenn taka þrekpróf verða þeir að hafa staðist læknisskoðun innan ákveðins tíma, sem fer eftir aldri:

1. 49 ára og yngri skulu hafa staðist læknisskoðun innan síðustu 12 mánaða.
2. 50 ára og eldri skulu hafa staðist læknisskoðun innan síðustu 6 mánaða.
3. Nýliðar þurfa að skila læknisvottorði með umsókn.

Við færslu milli aldursflokka skal miða við fæðingardag. Allir starfsmenn fara einu sinni á ári í þrek- og styrkleikapróf.

Sérstakt þrekálag skal greitt þeim sem standast þrekpróf, skv. kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna við Samband Íslanskra Sveitarfélaga (SNS). Þrekpróf 2 er fyrir starfsmenn sem þurfa að vera reiðubúnir til að stunda reykköfun og sjúkraflutninga.

Þrekprófum 2. er skipt í tvo þætti. Þættirnir eru teknir í rétttri röð, sjá hér að aftan.

1. Styrktarpróf – upphíingar, brjóstpressa, fótapressa og róður
2. Þolpróf - göngupróf á bretti

### 2.1 ÞREKPRÓF FYRIR REYKKAFARA

Þrekpróf 2. eru fyrir reykkafara. Þau skulu framkvæmd í þeirri röð sem hér er sett fram.

### 2.2 STYRK TARPRÓF

Styrktarprófið skiptist í tvo hluta. Annars vegar er um upphíingar að ræða, sem eru valfrjáls hluti í þrekprófi 2. Hinn hlutinn er brjóstpressa, fótapressa og róður. Þann hluta er hægt að framkvæma á þrenns konar hátt. Hægt er að framkvæma hann í sérstöku styrktarmælingatæki, svokölluðu Concept tæki, eða í hefðbundnum þar til gerðum æfingatækjum á líkamsræktarstöð. Einnig er hægt að framkvæma prófið samkvæmt lýsingu í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, en þær eiga eingöngu við um þrekpróf 2.

### *Upphíingar*

Upphíingar fyrir karla og konur, tölur standa fyrir fjölda „dauðra upphíinga“. Upphíingar eru valfrjáls hluti á þrekprófi 2.

#### *Upphíingar 2 (þrekpróf 2)*

	< 29	30-34	35-39	40-44	45-49	50-54	> 55
Upphíinga	1/1	1/1	1/1	1/1	1/1	1/1	1/1

## Brjóstpressa, fótapressa og róður

Síðari hluti styrktarprófs fyrir karla og konur. Útfærslur á prófinu geta verið mismunandi. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og fleiri slökkvilið framkvæma styrktarprófið í styrktarmælingatæki, svokölluðu Concept tæki (A). Einnig er hægt að framkvæma það á annan hátt, t.d. í bekkpressu, fótapressu og róðrarvél (B). Mannvirkjastofnun gefur út grunnkröfur vegna reykköfunar, þ.e. þrekpróf 2 (C).

### Útfærsla A

Tölurnar hér að neðan gera ráð fyrir að styrktarprófið sé framkvæmt í styrktarmælingatæki, svokölluðu Concept tæki.

#### Þrekpróf 2

	Brjóstpressa (kg)			
	< 29 ára	30-39 ára	40-49 ára	> 50 ára
Kröfur	56/48	52/45	48/42	45/39

	Fótapressa (kg)			
	< 29 ára	30-39 ára	40-49 ára	> 50 ára
Kröfur	170/125	150/120	130/115	120/110

	Róður (kg)			
	< 29 ára	30-39 ára	40-49 ára	> 50 ára
Kröfur	56/47	52/45	48/42	45/39

### Útfærsla B

Hægt er að framkvæma styrktarprófið án tækisins, með bekkpressu, fótapressu og róðrarvél/liggjandi upphígingu. Þyngd í bekkpressu og fótapressu er í hlutfalli við líkamsþyngd en þó aldrei hærri en 50 kg.

#### Þrekpróf 2:

**Bekkipressa.** Viðkomandi lyftir 40% af líkamsþyngd sinni (40 ára og eldri lyfta 30%). Stöng að brjóstakassa og rétta alveg úr höndum. Endurtekið 20 sinnum.

**Hnébeygja.** Viðkomandi lyftir 50% af líkamsþyngd sinni (40 ára og eldri lyfta 40%). Hér verður passa upp á rétta líkamsbeitingu. Beygja niður í 90° og rétta síðan alveg úr líkamanum. Endurtekið 20 sinnum.

**Róður.** Liggjandi upphígingar, 10 endurtekningar. Yfirgrip, draga brjóstakassa að stönginni sem er í um 100-110 cm hæð með líkamann í beinni stöðu með hæla við gólf. Rétta síðan alveg úr höndunum en þó passa að aðeins hælarn snerti gólf.

Útfærsla B verður endurskoðuð 1. janúar 2011.

### Útfærsla C

Mannvirkjastofnun gefur út grunnkröfur vegna reykköfunar, þ.e. þrekpróf 2, og leggur til eftirfarandi æfingar til þess að uppfylla þær kröfur. Sami klæðnaður er notaður og í þolprófinu en hér er gerð krafa um að loftkúturinn sé 18 kíló.

**Fót- og mjaðmavöðvar.** Viðkomandi stendur beinn fyrir framan leikfimigrind og heldur með útrétta handleggji í rim í naflahæð. Sá sem prófar heldur hendi sinni um 10 cm fyrir ofan höfuð hans. Viðkomandi beygir sig í hnánum með beint bak þar til mjaðmaliður er kominn neðar en

hnjáliður. Þá stendur hann hratt upp þannig að hann hoppi um 10 cm frá gólfi og snerti hendi prófarans.

Niðurstaða:

- 25 eða fleiri réttur: Mjög gott.
- 15 – 24 réttur: Gott, próf gilt.
- 14 eða færri réttur: Stenst ekki próf.

*Handleggs- og brjóstvöðvar.* Hér er um að ræða venjulegar armbeygjur með ofanefndan búnað. Bak verður að vera beint og viðkomandi þarf að snerta vel með bringunni handarbak prófara í hverri beygju, en hann hefur lagt hendina á gólfið neðan við bringubein viðkomandi.

Niðurstaða:

- 12 eða fleiri réttur: Mjög gott.
- 7 – 11 réttur: Gott, próf gilt.
- 6 eða færri réttur: Stenst ekki próf.

*Handleggs- og bakvöðvar.* Hér þarf viðkomandi ekki að vera með loftkút á bakinu. Viðkomandi er í lárétttri stöðu með beinan líkama, en hangir með beina handleggi neðan í þverslá með hælana upp á t.d. stólsetu. Lófar skulu snúa að andliti viðkomandi. Viðkomandi beygir síðan handleggina uns bringan snertir þverslána og lætur sig síga aftur uns handleggir eru beinir.

Niðurstaða:

- 15 eða fleiri réttur: Mjög gott.
- 7 – 14 réttur: Gott, próf gilt.
- 6 eða færri réttur: Stenst ekki próf.

## 2.3 POLPRÓF - GÖNGUPRÓF Á BRETTI

Klæðnaður er íþróttaskór og eldgalli með reykköfunartæki (stálhylki) á bakinu, heildarþyngdaraukning er 23 kg. Öndunargríman er þó ekki tengd. Æskilegur undirfatnaður er íþróttagalli, þ.e. peysa með síðum ermum og síðar buxur. Þrekpróf 2 er grunnkrafa vegna reykköfunar, gefin út af Mannvirkjastofnun.

*Göngupróf 2 (þrekpróf 2)*

	Óháð aldri
Hraði (km/klst.)	5,6

Tími	1 mín	1 mín	6 mín	Alls 8 mínútur
Halli %	4%	7%	12%	
Halli °	2,5°	4,0°	7,0°	

*Göngupróf 3 (þrekpróf 3)*

	Óháð aldri
Hraði (km/klst.)	5,6

Tími	1 mín	1 mín	6 mín	2 mín	Alls 10 mínútur
Halli %	4%	7%	12%	14%	39 ára og yngri
Halli °	2,5°	4,0°	7,0°	8,0°	39 ára og yngri

Sá aðili sem prófar skal kynna sér vel læknisskoðun viðkomandi starfsmanns, einkum álagsprófið, en tíðni þess er breytileg eftir aldri starfsmanna, sjá kafla 2.3 og 2.4. Prófari skal grípa inn í og stöðva prófið þegar ástand starfsmannsins krefst þess eða ef starfsmaðurinn upplifir óeðlileg óþægindi við próftökuna. Hann skal jafnframt skrá hjartslátt starfsmannsins á mínútu fresti. Þær upplýsingar eru geymdar og færðar í sjúkrasögu starfsmannsins til síðari viðmiðunar. Um trúnaðarupplýsingar er að ræða. Að prófi loknu er hraðinn lækkaður í 3,6 km/klst í 60 sekúndur, hallinn færður í 0° og hjartsláttur metinn. Ef prófarinn metur ástand starfsmannsins óeðlilegt, eða ef starfsmaðurinn upplifir óeðlileg óþægindi á þessum 60 sekúndum, skal láta trúnaðarlækni vita.

Stuðningur við brettið er bannaður í prófinu. Hitastig í herberginu skal vera 18 – 24°C.

Bæði prófið og kröfurnar eru eins fyrir karla og konur og þrektala er ekki gefin upp. Annað hvort nær viðkomandi prófinu eða ekki.

Allir nýir starfsmenn sem ráðnir eru í varðliðið á vaktir þurfa að taka göngupróf 3. Prófið skal tekið snemma í inntökuferlinu og verður að standast það til að halda áfram í ferlinu.

## 2.4 NIÐURSTÖÐUR OG ENDURTEKNING

Starfsmaður fær niðurstöður úr prófunum strax. Ef hann stenst ekki einhvern þátt þrekprófsins telst hann ekki hæfur til að sinna reykjöfun frá þeim tíma og missir þrekálagið frá sama tíma. Undantekning er ef starfsmaður fer aftur í þrekprófið, innan 4 vikna og nær því. Þá heldur hann þrekálaginu.

Ef starfsmaður fellur á öllum þáttum prófsins er eðlilegt að viðkomandi taki ekki prófið fyrr en að loknum sex til átta vikum.

Ef starfsmaður nær prófunum heldur ekki þá er hægt að endurtaka þau eftir 3 mánuði og síðan aftur að öðrum 3 mánuðum liðnum. Starfsmaður getur óskað eftir því að taka prófið með innan þriggja mánaða frestsins.

Ef starfsmaður hefur ekki staðist þrekpróf þegar 6 mánuðir eru liðnir frá fyrstu tilraun fer hann í dagvinnu og missir vaktaálag (það á ekki við um starfsmenn sem eru 60 ára og eldri). Bakvaktarmaður sem hefur ekki staðist þrekpróf þegar 6 mánuðir eru liðnir frá fyrstu tilraun má ekki standa bakvaktir og verður fyrir skerðingu á launum sem því nemur.

Til að minnka líkurnar á þessu skal starfsmanninum gefinn kostur á því að fá þjálfunaráætlun og einkatíma hjá íþróttfræðingi/íþróttakennara á vegum slökkviliðsins, þegar hann hefur fallið tvisvar á prófinu. Starfsmaður verður að sýna frumkvæði og leita sér aðstoðar sem slökkviliðið býður.

Nánari skýring:

- Ef starfsmaður stenst ekki styrktarprófið skal hann samt sem áður taka gönguprófið.
- Þrekprófi er ekki náð fyrr en búíð er að ljúka bæði styrktar- og gönguprófinu.
- Ef meira en fjórar vikur líða þarf að endurtaka prófið í heild sinni.

## 2.5 GEYMSLA OG MEÐFERÐ GAGNA

Niðurstöður og gögn úr þrekprófum skulu geymd þannig að einungis sá sem framkvæmir mælingarnar og trúnaðarlæknir, eftir atvikum, hafi aðgang að þeim. Hann skal ganga þannig frá gögnum að tryggt sé að enginn óviðkomandi geti komist í þau og gögnin séu geymd hjá slökkviliðinu. Til öryggis skal einn starfsmaður að auki hafa aðgang að gögnunum, svo ekki sé hætt á að þau glatist. Slökkviliðsstjóri fær upplýsingar um það hvort starfsmenn hafi staðist próf eður ei, en ekki niðurstöður úr mælingum.

## **2.6 BOÐUN Í ÞREKPRÓF**

Boðun starfsmanns í þrekpróf er á ábyrgð viðkomandi yfirmanns í samvinnu við tengilið gagnvart trúnaðarlækni. Leitast skal við að boðun starfsmanna sé á þeirri vinnutörn sem er á undan áætluðu þrekprófi.



## **FYLGISKJAL 7: SKILGREINING Á VINNUTÍMA**

### **SAMKOMULAG MILLI LAUNANEFNDAR SVEITARFÉLAGA OG LSS UM SKILGREININGU Á VINNUTÍMA**

Samkvæmt 2. gr. vinnutímasamnings þess er Reykjavíkurborg og BSRB undirrituðu þann 23. janúar 1997, telst vinnutími sá tími sem starfsmaður er við störf, er til taks fyrir vinnuveitandann og innir af hendi störf sín eða skyldur.

Vegna skilgreiningar samningsins á vinnutíma og vegna hins sérstaka eðlis starfa slökkviliðsmanna eru samningsaðilar sammála um að tíminn frá kl. 24:00 til 06:00 verði reiknaður við meðaltalsútreikninga þannig að hver klst. á því tímabili reiknist sem fjórðungur úr klukkustund.

## FYLGISKJAL 8: SÉRMÁL BJÖRGUNAR- OG LEITARKAFARA HJÁ S.H.S.

### SÉRMÁL BJÖRGUNAR- OG LEITARKAFARA HJÁ S.H.S

#### SKILGREINING

Ekki er gerður greinamunur á leitarköfun og /eða björgunarköfun. Kafarar hjá SHS sinna hvoru tveggja eftir atvikum og starfsheitið kafari á vegum SHS inniheldur báða verkþætti.

#### ÞJÁLFUN

Kafarar hjá SHS teljast þeir sem lokið hafa námskeiði í leitar- og björgunarköfun. Kafarar skulu ávallt uppfylla starfsreglur SHS sem verða settar í samráði við fulltrúa starfsmanna. Mikilvægt öryggisatriði fyrir alla kafara er að viðhalda menntun og færni með eigin þjálfun samkvæmt starfsreglum SHS, sem og að taka þátt í æfingum og þjálfun á vegum SHS. Ef kafari telur að hæfni og/eða geta hans sem kafari sé ábótavant skal hann án tafar tilkynna það til yfirmanns köfunarmála, hér er ekki átt við tilfallandi veikindi en þau skal tilkynna til vakthafandi yfirmanns í upphafi vaktar. Kafari má ekki undir neinum kringumstæðum stefna eigin öryggi í hættu.

#### AÐGERÐIR

Eftir aðgerðir skulu þeir kafarar sem framkvæmdu köfun fá 12 tíma hvíld og koma ekki til vinnu fyrr en að þeim tíma liðnum. Hvíld þessi er gífurlega mikilvægt öryggisatriði fyrir þá kafara sem framkvæmt hafa köfun og mega þeir ekki undir neinum kringumstæðum sinna öðrum störfum meðan á henni stendur. Enginn greinamunur er gerður á hvort viðkomandi kafari hafi framkvæmt köfun eða ekki hvað varðar greiðslur.

Greiðslulega gildir sama regla fyrir alla kafara sem voru skráðir í viðkomandi aðgerð sem og köfunarformann ef hann hefur einnig lokið þjálfun sem kafari, þ.e.a.s. 12 tímar að frádreginni vinnuskyldu eru greiddir í yfirvinnu að aðgerð lokinni. Þeir kafarar sem eru skráðir á vakt og tóku þátt í viðkomandi aðgerð en framkvæmdu ekki köfun skulu þó klára vaktina.

Rétt er að undirstrika að stöðvarstjóri í samvinnu við köfunarformann ákveður hverjir eru skráðir í viðkomandi aðgerð og hverjir framkvæma köfun. Reglur varðandi hvíld sem og greiðslur fyrir hana eiga ekki við æfingar nema samkvæmt ákvörðun yfirmanns köfunarmála, sem liggur þá fyrir áður en æfingin hefst.

#### EFTIRLIT OG UMHIRÐA MEÐ KÖFUNARBÚNAÐI

Eftir allar minni kafanir og æfingar sjá viðkomandi kafarar um þrif á tækjum og yfirferð í beinu framhaldi samkvæmt „*User Handbook*“ og starfsreglur SHS. Allur búnaður sem var notaður skal merktur með þar til gerðum merkimiða sem viðkomandi kafari kvittar á sé tækið í lagi.

Ef búnaðurinn reynist ekki vera í lagi eftir yfirferð skal hann merktur sem slíkur og koma greinilega fram hvaða kafari úrskurðar og hvers vegna. Í öllum tilvikum skal kafari kvitta með nafni og dagsetningu.

Allur búnaður skal ávallt geymdur á þeim stað sem honum hefur verið valinn og sérstaklega merktur. Mikilvægt er að allir kafarar séu meðvitaðir um þessar vinnureglur og þeim sé fylgt án undantekninga. Fyrirbyggjandi viðhald sem og annað viðhald er samkvæmt „*Service Manual*“ viðkomandi búnaðar og skal framkvæmast af aðila sem hefur leyfi til. Allan búnað skal merkja sérstaklega eftir slíka yfirferð með þar til gerðum merkimiða sem viðkomandi aðili kvittar á og staðfestir að búnaðurinn sé í lagi með nafni og dagsetningu.

## TANNSKOÐUN

Áður en slökkviliðsmaður byrjar á köfunarnámskeiði skal hann fara í tannskoðun hjá tannlækni sem slökkviliðið vísar honum á að kostnaðarlausu. Komi í ljós að gera þarf við tennur hans vegna starfa við köfun greiðir slökkviliðið ekki fyrir viðgerðir.

Sama gildir um þá sem þegar hafa fengið réttindi. Þar með liggur fyrir hvert ástand tanna hvers og eins er og bili viðgerðir vegna köfunar greiðir slökkviliðið þær viðgerðir enda liggi fyrir úrskurður tannlæknis liðsins um ástæður bilunar.

## **FYLGISKJAL 9: SAMKOMULAG Á GREIN 5.8.2.**

### **SAMKOMULAG UM ÚTFÆRSLU Á GREIN 5.8.2. Á MILLI SLÖKKVILÐS HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS OG LSS**

Fyrir akstur þegar almenningsvagnar ganga ekki skulu að jafnaði greiddir 15 km. fyrir hverja ferð til og frá vinnustað. Greiðsla þessi miðast við 52 helgar á ári og að meðaltali 11 sérstaka frídaga að frádregnu meðalorlofi. Miðað við þessar forsendur skal greitt fyrir 849 km akstur á ári og skal greiðslan innt af hendi eftirá í einu lagi í desember.

Miðað er við kílómetragjald gefið út af ferðakostnaðarnefnd ríkisins (akstur per km. undir 10.000 km) sem er nú 110 kr./km og tekur breytingum skv. ákvörðun nefndarinnar. Greiðsla þessi nemur nú samtals 93.390 kr. fyrir fullt starf.

**FYLGISKJAL 10: ÞREKPRÓF****ÞREKPRÓF****Niðurstöður og endurtekning**

Starfsmaðurinn fær niðurstöður úr matinu á þoli og líkamsstyrk strax og telst ekki hafa náð matinu fyrr en hann hefur lokið öllum þáttum þess. Ef hann stenst ekki einhvern þátt matsins telst hann ekki hæfur til að sinna reykköfun fyrr en því er náð og þarf því að endurtaka þann þátt sem hann ekki stóðst. Ef það líða meira en 4 vikur frá fyrstu tilraun skal starfsmaður endurtaka matið í heild sinni í endurtekningu 2 hér að neðan, og einnig ef hann nær ekki því sem uppá vantaði samkvæmt endurtekningu 1. Starfsmaður sem fellur á öllum þáttum matsins í fyrstu tilraun má ekki endurtaka matið fyrir en eftir 8 vikur, endurtekning 2. Alls fær starfsmaður þrjár endurtekningar til að standast matið:

**Endurtekning 1:** Ef starfsmaður stenst ekki einhvern þátt í matinu þarf hann einungis að endurtaka þann þátt þegar hann fer aftur í matið ef það er innan 4 vikna frá fyrstu tilraun.

**Endurtekning 2:** Ef starfsmaður fellur á öllum þáttum matsins í fyrstu tilraun má viðkomandi ekki taka matið fyrr en að loknum 10 vikum. Hið sama gildir ef starfsmaður sem náði ekki einstaka þáttum í matinu náði þeim ekki heldur í endurtekningu 1.

**Endurtekning 3:** Þriðja endurtekning er innan 24 vikna frá endurtekningu 2, eða 24 vikum frá fyrstu tilraun. Ef starfsmaður hefur ekki staðist mat á þoli og líkamsstyrk innan 24 vikna (u.þ.b. 6 mánuðir) frá fyrstu tilraun fer hann tímabundið í dagvinnu og missir vaktaálag frá næstu mánaðamótum eftir færslu í dagvinnu. Starfsmenn sem hafa náð 60 ára aldri munu þó áfram ganga vaktir og sinna störfum sem ekki fela í sér reykköfun. Bakvaktamaður sem stendur vaktir sem staðgengill slökkviliðsstjóra mun að sama skapi missa bakvaktargreiðslur.

Ef starfsmaður nær ekki matinu fellur þrekálagið að sama skapi niður næstu mánaðamót á eftir, nema hann nái þeim þætti sem hann stóðst ekki innan 4 vikna frá fyrstu tilraun samkvæmt endurtekningu. Þá heldur hann þrekálaginu óskertu.

Bakvaktarmaður sem hefur ekki staðist þrekpróf þegar 6 mánuðir eru liðnir frá fyrstu tilraun má ekki standa bakvaktir og verður fyrir skerðingu á launum sem því nemur. Til að minnka líkurnar á þessu skal starfsmanninum gefinn kostur á því að fá þjálfunaráætlun og einkatíma hjá íþróttafraeðingi/íþróttakennara á vegum slökkviliðsins, þegar hann hefur fallið tvisvar á prófinu. Starfsmaður verður að sýna frumkvæði og leita sér aðstoðar sem slökkviliðið býður.

**Nánari skýring:**

Bakvaktamaður sem stenst ekki styrktarprófið skal samt sem áður taka gönguprófið.

Þrekprófi er ekki náð fyrr en búíð er að ljúka bæði styrktar- og gönguprófi.

Ef meira en fjórar vikur líða þarf að endurtaka prófið í heild sinni.

## VIÐAUKI 1: VERKLAGSREGUR UM STARFSMAT

Samþykktar á fundi Úrskurðarnefndar aðila um starfsmat þann 24. mars 2009.

### 1. Mat á nýjum störfum:

Starfsmannastjórar sveitarfélaga ásamt fulltrúa viðkomandi stéttarfélags ákvarða bráðabirgðaröðun á nýjum störfum fyrstu 6 mánuðina. Verði ágreiningur um röðun nýrra starfa skal kalla til fulltrúa starfsmatsteymis LN og viðsemjenda þeirra sem úrskurðar um röðunina. Að 6 mánuðum liðnum skal starfsmannastjóri óska eftir formlegu starfsmati frá starfsmatsteymi LN og viðsemjenda þeirra og skal með umsókn fylgja starfslýsing og útfylltur spurningalisti frá starfsmanni sem yfirfarinn er og staðfestur af yfirmanni og starfsmannastjóra. Starfsmatsniðurstaðan frá starfsmatsteyminu skal gilda frá þeim tíma er starfsmaður hóf störf. Hafi starfið verið tímabundið launasett hærra en kemur út úr starfsmati ber að lækka röðun starfsins til samræmis við niðurstöðu úr starfsmati. Sú lækkun tekur gildi að þremur mánuðum liðnum frá þeim tíma er niðurstaða berst sveitarfélagi og starfsmanni.

### 2. Endurmat starfa:

Fyrir beiðni um endurmat skulu færð skýr rök um breytingar sem orðið hafa á starfinu frá því að starfið var metið eða frávikum starfsins frá því starfi/þeim störfum sem fyrra starfsmat miðast við.

Starfsmatsteymi ber að endurskoða niðurstöður starfsmats ef:

- Vísbendingar eru um að fyrra mat á starfinu hafi verið rangt, t.d. vegna þess að það hafi verið flokkað með störfum sem eru að eðli og umfangi verulega ólík því starfi sem um ræðir.
- Vísbendingar eru um að verulegar og viðvarandi breytingar hafi orðið á starfinu frá því að það var síðast metið, t.d. vegna nýrra verkefna sem bætt hefur verið við starfssvið eftir skipulagsbreytingar eða vegna breytinga á löngu tímabili.

Starfsmannastjóri og fulltrúi stéttarfélags meta hvort starf uppfylli ofangreind skilyrði. Verði þessir aðilar ósammála skal starfið sett í endurmat í starfsmatsteymi LN og viðsemjenda þeirra. Með ósk um endurmat á starfinu skal fylgja greinargóð lýsing á þeim matsþáttum starfsmatsins sem tekið hafa breytingum og í hverju breytingarnar eru fólgnar. Með beiðni um endurskoðun þarf að fylgja ný starfslýsing og einnig eldri starfslýsing ef breytingar hafa orðið á starfinu.

Beiðni um endurskoðun skal útbúa á þar til gerðu eyðublaði. Beiðni sem er ófullnægjandi um rökstuðning og gögn verður vísað frá og hlutaðeigandi aðilum leiðbeint um ágalla á beiðni.

#### 2.1 Endurmat sem leiðir til hækkunar:

Hækkun á mati hefur í för með sér launahækkun frá þeim tíma er sótt var um endurmat og viðeigandi gögnum skilað inn til starfsmannastjóra.

#### 2.2 Endurmat sem leiðir til lækkunar:

Endurmat getur ýmist leitt til hækkunar, lækkunar eða óbreyttrar niðurstöðu. Ef endurmat leiðir til lækkunar á mati hefur það ekki í för með sér lækkun launa þeirra sem nú þegar eru í starfinu en nýir starfsmenn fá laun samkvæmt nýrri niðurstöðu.

### 3. Niðurstöður úr starfsmati:

Niðurstöður úr starfsmati skulu sendar til starfsmannastjóra viðeigandi sveitarfélags og stéttarfélags og skulu þeir upplýsa starfsmann/starfshóp um niðurstöðu úr starfsmati.

Sé starfsmaður/starfshópur ósáttur við endanlega niðurstöðu úr starfsmati hefur hann/þeir tækifæri til að óska eftir endurmati. Til þess að aðilar geti óskað eftir endurmati þarf starfsmaður að fylla út endurmatsbeiðni. Endurmatsbeiðnin skal tekin fyrir af starfsmannastjóra og fulltrúa stéttarfélagsins innan fjögurra vikna. Telji þeir að málefnaleg rök séu fyrir óánægju starfsmanns/ starfshóps skal senda starfið áfram í endurmat til starfsmatsteymis.

**VIÐAUKI 2: HAGVAXTARAUKI Í LÍFSKJARASAMNINGI****HAGVAXTARAUKI Í LÍFSKJARASAMNINGI 2019-2022**

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa.

Útreikningur launaaukans byggir á bráðbirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Launaaukinn bætist við mánaðarlaunataxta kjarasamninga og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Neðangreind tafla sýnir fjárhæð launaaukans og forsendur hans.

Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 til 1,50%	3.000 kr	2.250 kr
1,51 til 2,00%	5.500 kr	4.125 kr
2,01 til 2,50%	8.000 kr	6.000 kr
2,51 til 3,00%	10.500 kr	7.875 kr
> 3,0%	13.000 kr	9.750 kr

Við ákvörðun launaaukans vegna áranna 2019-2022, sem koma til framkvæmdar árin 2020-2023, skal taka tillit til uppfærðrar bráðbirgðatalna fyrir þau ár sem lögð hafa verið til grunvallar við útreikning launaaukans. Launaaukinn greiðist 1. maí.

Launa- og forsendunefnd aðila ákvarðar fjárhæð launaaukans verði tilefni til greiðslu hans.

**VIÐAUKI 3: JÖFNUN LAUNA MILLI MARKAÐA****Samkomulag vegna framkvæmdar jöfnunar launa milli markaða í tengslum við kjarasamninga**

Ríki og sveitarfélög annars vegar og heildarsamtök launafólks á opinberum vinnumarkaði hins vegar gerðu samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna árið 2016<sup>2</sup>. Markmið samkomulagsins var að lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært og unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er. Í 7. gr. samkomulagsins segir að vinna þurfi sérstaklega að því að jafna laun einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar með það að markmiði að tryggja að ekki sé kerfislægur og ómálefnalegur launamunur á milli markaða. Launin skuli jöfnuð á 6-10 árum með útfærslu í kjarasamningum. Í lok árs 2023 verða 2/3 hlutar þess tíma, sem ætlaður var til jöfnunar launa, liðinn.

Opinberir launagreiðendur hafa ítrekað staðfest þann ásetning sinn að standa við samkomulagið, m.a. í fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefndar, frá 23. október 2019. Samkvæmt samkomulaginu átti að láta á það reyna hvort jöfnun launa yrði þáttur í nýju vinnumarkaðslíkani sem til yrði á tímabilinu 2016-2018. Svo varð ekki. Þá skyldi taka til starfa samráðshópur þriggja fulltrúa launagreiðenda og þriggja fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna. Samráðshópurinn skyldi setja fram áætlun um hvernig markmiðum með jöfnun launa yrði náð með útfærslu í kjarasamningum. Kæmi upp óleysanlegur ágreiningur yrði hann útkljáður í kjarasamningum.

Aðilar samkomulagsins eru sammála um að unnið skuli að jöfnun launa með greiningu á launamun og skilgreiningu hlutlægra viðmiða um hvenær leiðréttu skuli muninn. Á grundvelli slíkrar vinnu hafa sveitarfélög og ríki skuldbundið sig til að leggja til fjármagn til jöfnunarinnar.

Í framhaldi af samningtímabilinu sem lauk á árinu 2019 gera ríki og sveitarfélög annarsvegar og heildarsamtök launafólks á opinberum markaði (BHM, BSRB og KÍ) hinsvegar með sér þetta samkomulag.

Frumathugun starfshópsins um jöfnun launa milli markaða gefur til kynna kerfislægan launamun milli almenns og opinbers vinnumarkaðar. Á samningstímanum 2019 til 2023 verður unnið samkvæmt eftirfarandi.

Samráðshópurinn skal leggja fram áætlun um jöfnun launa starfsmanna ríkis og sveitarfélaga við almenna markaðinn í eftirtöldum áföngum fyrir 1. nóvember 2020:

Tillögur og/eða áform um frekari gagnaöflun og greiningu á launamun.

Upplýsingar um þann launamun sem þegar hefur verið greindur, með upplýsingum um mögulega annmarka þeirrar greiningar.

Hlutlæg viðmið um það hvernig launamunur verði jafnaður og hvernig þeim árangri verði viðhaldið.

<sup>2</sup> <https://www.bhm.is/media/utgafa/Samkomulag-BHM-BSRB-og-KI-16-09-16.pdf>



Áætlun um launahækkanir til þeirra hópa sem uppfylla hin hlutlægu viðmið í fjórum skrefum frá 2021-2023 með það að markmiði að 2/3 hlutum þess launamunar sem greindur er og uppfyllir hin hlutlægu viðmið verði eytt í lok árs 2023.

Fyrsti áfangi samkvæmt áætlun hópsins komi til greiðslu eigi síðar en 1. janúar 2021.

Aðilar eru sammála um að samráðshópurinn taki mið af vinnu fyrri samráðshóps<sup>3</sup> sem stofnaður var 2017 og falið var m.a. að kortleggja launagögn, launamyndunarkerfi, launahugtök o.fl. Í því felast eftirfarandi forsendur varðandi jöfnun launa fram til loka ársins 2023:

Að einkarekstur, fjármagnaður að meirihluta með opinberu fé teljist, að öðru óbreyttu, með opinberum vinnumarkaði í launasamanburði milli markaða.

Að tekið sé mið af starfaflokkun (ÍSTARF-95) eins og kostur er þegar hópar eru paraðir saman.

Að regluleg laun séu það launahugtak sem notað verði við launasamanburð hópa á Íslandi nema samkomulag verði um annað.

Að auki verði á tímabilinu lögð sérstök áhersla á stórbætta gagnasöfnun launaupplýsinga til að framkvæmd jöfnunar launa byggji á eins áreiðanlegum gögnum og kostur er. Leitað verði samstarfs við Hagstofu Íslands og kjaratölfræðinefnd og þeim tryggð nauðsynleg úrræði til að bæta nauðsynlega gagnasöfnun til að tryggja framgang verkefna samráðshópsins.

Leitað verði til embættis ríkissáttasemjara um að halda utan um starf 7. greinar nefndarinnar, boða til funda og taka að sér fundarstjórn í samráði við starfsfólk nefndarinnar.

Aðilar eru sammála um að samráðshópurinn fylgi málinu eftir, betrumbæti aðferðafræði sína í ljósi bættra gagna og leggi til leiðir til að fullri jöfnun verði náð í lok árs 2026 og viðhaldið eftir þann tíma.

Það er sameiginlegt hagsmunamál aðila að ljúka faglegu starfi samráðshópsins og fá í það niðurstöðu, sbr. samkomulag aðila frá 2016. Það er gagnkvæmur skilningur aðila að komi upp ágreiningur milli aðila sé hægt að leita sáttamiðlunar hjá embætti ríkissáttasemjara.

---

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1d27333a-418b-11e8-942b-005056bc530c>